

Ár 2007, þriðjudaginn 5. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2007**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 4. janúar 2007 með kvörtun **A**, f.h. sóknaraðila, dagsettri 28. desember 2006. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. janúar 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 9. febrúar 2007. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. febrúar 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 21. febrúar 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. mars, 29. mars, 4. apríl og 5. júní 2007.

II.

Málsatvik.

Með umsókn, dagsettri 27. september 2004, sótti sóknaraðili um verðbréfareikning hjá **B**, í Danmörku. Var umsóknin afgreidd fyrir milligöngu varnaraðila, sem skráður var þjónustuaðili.

Hinn 28. apríl 2006 átti sér stað svokallað „*reversed stock split*“ í sænska félaginu **C**, sem tók gildi við upphaf viðskipta. Hafði **B**, ekki að sögn verið gerlegt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum á fjölda hluta í nefndu félagi á reikningum viðskiptamanna sinna áður en til þess kom. Sökum sjálfvirkrar skráningar á hækkun sýndist hlutfjáreign hundraðfalt hærri en deginum áður. Sóknaraðili, sem átti hluti í nefndu félagi ákvað ásamt fleiri viðskiptavinum **B**, að selja hluti sínum. Reyndist innleyst söluverð verulega hærra en sem nam markaðsvirði hlutanna í lok síðasta viðskiptadags. Höfðu umræddir viðskiptamenn, þ.á m. sóknaraðili, selt bréf sem ekki voru í eigu þeirra. Þegar hér var komið sögu hófst athugun á málinu af hálfu **B**, lokað var fyrir viðskipti með hluti í **C**, og **B**, hafði samband við viðskiptamenn sína og upplýsti þá um stöðu mála. Keypti **B**, aftur nauðsynlegan fjölda hluta í **C**. í því skyni að bæta skortstöðu viðskiptavina sinna og til

Þess að uppgjör við kaupendur bréfanna gæti átt sér stað. Var keyptum hlutum dreift jafnt milli þeirra viðskiptavina sem voru í skortstöðu. Þar sem kaupverð hlutanna var hærra en sölutilboð hljóðaði upp á leiddi það til taps fyrir viðskiptamenn **B**, í umræddum viðskiptum.

Vegna framangreinds voru skráðir eignarhlutir sóknaraðila í **C**, 5.590.700 hinn 28. apríl 2006 í stað 55.907. Seldi sóknaraðili þann dag alls 1.268.000 hluti. Við leiðréttingu **B**, myndaðist skortstaða þar sem seldir hlutir umfram þá, sem sóknaraðili var fyrir 28. apríl 2006 skráður eigandi að, voru 1.212.093. Keypti **B**, þann fjölda af hlutum fyrir sóknaraðila á genginu 4,17. Meðalsölugengi í viðskiptum sóknaraðila var 3,6729. Varð sóknaraðili af þessum sökum fyrir tjóni að fjárhæð kr. 7.707.208 miðað við gengi sænsku krónunnar nefndan dag.

Með rafpósti, dagsettum 2. maí 2006, kvartaði sóknaraðili undan ofangreindum viðskiptum við **B**, og áskildi sér rétt til bóta vegna þess tjóns sem hann kvaðst hafa orðið fyrir. Með rafpósti varnaraðila, dagsettum 4. maí 2006, var sóknaraðila tilkynnt að lögfræðingur á vegum varnaraðila hefði fengið málið til skoðunar og myndi skila álitni, sem sent yrði sóknaraðila. Með bréfi varnaraðila, dagsettu 30. maí 2006, sem virðist hafa verið sent til margra viðskiptavina **B**, hér á landi var þeim bent á að beina erindum sínum til bankans eða kæruneftndar í Danmörku væru þeir ósáttir við svör **B**.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. desember 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. Krafist er viðurkenningar á bótaskyldu varnaraðila og/eða **B**, vegna mistaka sem áttu sér stað 28. apríl 2006.
2. Krafist er greiðslu bóta, kr. 7.707.208, auk dráttarvaxta frá 28. apríl 2006.
3. Krafist er viðurkenningar á því að varnaraðili sé réttur aðili málsins vegna þeirra mistaka sem áttu sér stað 28. apríl 2006.
4. Verði ekki fallist á að varnaraðili sé réttur aðili málsins er þess krafist að viðurkennt verði að hægt sé að skjóta málum vegna mistaka **B**, fyrir nefndina og að **B**, lúti lögsögu nefndarinnar vegna viðskipta þeirra á Íslandi og verði úrskurðað bótaskyld.

Sóknaraðili kveðst hafa átt viðskipti í góðri trú með hluti sem síðar kom í ljós að hann átti ekki þar sem ekki höfðu verið gerðar nauðsynlegar lagfæringar í kerfi **B**. Þá telur sóknaraðili að óheimilt hafi verið að kaupa að nýju hluti í **C**, án hans samþykkis. Fjárhæð skaðabótakröfu sinnar styður sóknaraðili við útreikninga löggilts endurskoðanda.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili sé umboðsmaður og/eða samstarfsaðili **B**, á Íslandi og hafi á allan hátt komið fram gagnvart sóknaraðila vegna viðskipta hans við **B**. Bendir sóknaraðili í þeim efnum á að nafn og merki varnaraðila komi fram á öllum skjölum sem notuð séu í viðskiptum og þegar samningi er komið á. Kveðst sóknaraðili hafa talið að hann væri að stunda viðskipti við varnaraðila eða að varnaraðili væri a.m.k. ábyrgur fyrir þeim viðskiptum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sínar vísar varnaraðili til þess að hann hafi aldrei fengið formlega kröfu frá sóknaraðila og hafi þar af leiðandi aldrei hafnað neinni kröfu. Hafi málið og aldrei verið lagt fyrir varnaraðila með þeim hætti að reynt væri hvort sátt gæti tekist. Styður varnaraðili þessa kröfu sína við ákvæði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili kveður kvörtun sóknaraðila snúa að viðskiptum hans við **B**, í Danmörku og séu þau gerð án atbeina varnaraðila en í samræmi við samning sóknaraðila við hinn danska banka. Hugsanleg mistök **B**, eða brot bankans á samningi við sóknaraðila séu ekki ábyrgð varnaraðila, enda hafi varnaraðili ekki tekið á sig neina slíka ábyrgð. Beri varnaraðili heldur enga ábyrgð á kerfum **B**. Þá kveðst varnaraðili hvorki hafa keypt neina hluti í **C**, fyrir hönd sóknaraðila né komið að þeim viðskiptum með nokkrum hætti og geti enga ábyrgð á þeim borið. Ennfremur kveður varnaraðili að sóknaraðila hafi verið eða mátt vera ljóst hvaða eign hann átti í greindu félagi.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Í kvörtun sinni tilgreinir sóknaraðili varnaraðila sem það fjármálafyrirtæki sem kvörtunin beinist að. Í málinu krefst sóknaraðili skaðabóta úr hendi varnaraðila að fjárhæð kr. 7.707.208 vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir og rekja megi til mistaka í tölvukerfum **B**. Óumdeilt er að sú skaðabótakrafa hefur ekki verið höfð uppi á hendur varnaraðila. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fyrir meðferð málsins hjá nefndinni að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðila. Áskilnaður sóknaraðila í rafpósti 2. maí 2006 um að hafa uppi endurkröfu og/eða skaðabótakröfu á hendur varnaraðila, svo og almennt álit varnaraðila í bréfi hans, dagsettu 30. maí 2006, um þá atburði er urðu í viðskiptum með hluti í **C**, hjá **B**, þann 28. apríl 2006 breyta hér engu um.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Er því ekki ástæða til að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila eða málalíbúnað hans að öðru leyti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 5. júní 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Einar Páll Tamimi

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir